

Athugasemdir og áskilnaður v/ fyrirhugaðs stofnstígs

Til : Erla Bil Bjarnadóttir
Frá : jonas@rokstolar.is
Heiti : Athugasemdir og áskilnaður v/ fyrirhugaðs stofnstígs
Málsnúmer : 1502378
Málsaðili : Vegagerðin
Skráð dags : 12.06.2015 14:13:07
Höfundur : jonas@rokstolar.is
Viðhengi : [jonas_2.jpg](#)

Erla B. Bjarnadóttir,
Umhverfisstjóri Garðabæjar.

Sæl,

Undirrituðum íbúa að Hegranesi 31, Garðabæ barst þann 11. júní sl. bréf frá bæjarfélaginu dags. 5. júní 2015 með efnisheitinu "Stofnstígur og hljóðvarnir við Hafnarfjarðarveg yfir Arnarneshæð?".

Samkvæmt bréfinu stendur til að leggja hjóla- og göngustíg upp við lóðamörk lóðar undirritaðs þar sem hljóðmön liggur þétt að, en hingað til hefur ekki verið nein umferð vegfarenda við lóðamörkin.

Ljóst er að breytingarnar leiða til áður óþekkts ónæðis á lóð minni vegna umferðar vegfarenda. Þetta mun draga töluvert úr friðhelgi einkalífs íbúa hússins þar sem vegfarendur geta eftir breytingar horft inn í garð og glugga fasteignar undirritaðs. Er fasteiginin með stórum gluggum og stofa hönnuð sem bjart og opið rými. Þá er í einhverjum tillögum bæjarfélagsins gert ráð fyrir lýsingu við stíginn en slíkt mun án efa leiða til aukins ónæðis. Þessu til viðbótar má búast við ófriði frá snjómoksturtækjum við hreinsun stígsins.

Fasteign undirritaðs stendur ein og sér í botnlanga þar sem lítið er um umgang annarra en heimilsmanna og gesta þeirra og var slík friðsæld ein af ákvörðunarástæðum fyrir kaupum fasteignarinnar. Einsýnt er að þessi lífsgæði munu tapast við lagningu stígsins og verð lóðarinnar mun lækka við framkvæmdina.

Auk lækkunar á verðgildi fasteignar er ljóst að fyrirhugaðar breytingar munu kalla á breytingar og lengingu á girðingum við lóðarmörk með tilheyrandi kostnaði. Þá mun þurfa að hugsa fyrir gardinum á stóra glugga, sem bæði mun hafa kostnað í för með sér en einnig takmarka að hönnun hússins fái notið sín. Er rétt að taka fram að hér er um dæmi að ræða en ekki tæmandi talningu mögulegra útgjalda.

Undirritaður óskar sérstaklega eftir upplýsingum um það hvort bæjarfélagið hafi gert ráð fyrir bótum til lóðareigenda skv. 51. gr. og 51. gr. a skipulagslaga nr. 123/2010. Þá er óskað eftir því að bæjarfélagið upplýsi hvort það hyggst kalla til dómkvadda matsmenn á eigin kostnað skv. 2. mgr. 51. gr. a skipulagslaga nr. 123/2010, ef ekki næst sátt um bætur.

Undirritaður telur að hægt sé að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegt tjón með því að leggja stíginn hinum megin við núverandi hljóðmön enda er þar nægt pláss. Þá verður að telja slíka lausn meira í samræmi við meðalhóf.

Vænst er svara sem fyrst og áskilinn allur réttur.

Virðingarfyllst,

Jónas Friðrik Jónsson, kt. 101166-5039.

--